6. stjórnarfundur

4. október 2016

Fundarstaður: Veitingastaðurinn Oddsson 4. október 2016, kl. 17:30-19:00

Mættar: Harpa Þórunn Pétursdóttir, Auður Nanna Baldvinsdóttir, Birta Kristín Helgadóttir, Elín Smáradóttir og Helga Barðadóttir, sem ritaði fundargerð.

Hjördís Sigurðardóttir, Guðbjörg Óskarsdóttir, Vigdís Harðardóttir, Petra Steinunn Sveinsdóttir og Íris Baldursdóttir boðuðu forföll.

1. Samþykkt fundargerða

Samþykkt var að senda fundargerðir síðustu tveggja funda til samþykktar í tölvupósti.

2. Charge-ráðstefna

Birta stýrði „Ice-Breaker“ viðburði sem tókst mjög vel.Meðal annars fór fram hugmyndavinna varðandi eftirtalda þætti með „gulum miðum“nýsköpun,kynjahlutverk,endurnýjanleg orkaBirta mun taka saman yfirlit yfir helstu niðurstöður hugmyndavinnunnar og mögulega verður hægt að nota niðurstöðurnar varðandi átak til að ná til yngri kvenna.Verður rætt betur á næsta fundi en Birta og Íris hafa þegar unnið að hugmyndinni.

3. Boð í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Iðnaðar- og viðskiptaráðherra bauð KÍÓ í ráðuneyti þann 29. sept. sept. sl. og var það mjög vel heppnað, en um 40 konur mættu. Ráðherra hélt erindi um næstu skref í ráðuneytinu og í kjölfarið var boðið upp á léttar veitingar.Harpa mun senda þakkarbréf til ráðherra.

4. Rúmenía

Hópur Íslendinga fer á styrk frá EES sjóðnum (EEA Grants) til Rúmeníu dagana 11.-15. okt. n.k. til að kynna sér stöðu jarðhitamála í landinu, efla tvíhliða tengsl landanna, kanna mögulega samstarfsfleti og taka þátt í ráðstefnu. Í hópnum verða þrjár stjórnarkonur KÍÓ t (HÞP, ANB, PSS). Ræðismaður Íslands í Rúmeníu, Georgiana Pogonaru, er upplýst um ferðina og sendi félaginu erindi þar sem hún lýsir yfir ánægju með þátttöku KÍÓ í ráðstefnunni og ætlar að leitast eftir því að fá fund og koma á tengingu við rúmenskar konur í orkumálum.Georgiana hefur unnið sem mentor fyrir konur í atvinnulífinu, í samtökum sem heita:„Professional Women’s Network Romania“, sjá: www.pwnromania.ro

5. Jarðhitafélags Íslands

Haustfundur Jarðhitafélags Íslands verður haldinn 13. október n.k. og verður áhersla lögð að rannsóknarverkefni kvenna. Fundurinn hefst klukkan 15 og stendur til 16.30 í húsakynnum Orkuveitu

Reykjavíkur.Hefur JHFÍ óskað eftir því að fá fulltrúa frá KÍÓ til að sjá um fundarstjórn.HB tekur að sér að sjá um það fyrir hönd félagsins.

6. FjármálBúið að ganga frá rafrænum aðgangi formanns að reikningum félagsins. Reikningurinn er nr. 501-26-150116 (dagsetning fyrsta fundar í Hörpunni)Inn hefur komið styrkur að upphæð 750.000 frá Landsbankanum og útgjöld félagsins hafa verið rúmar 43.000 vegna auglýsingaborða frá Sýningu og hefur reikningurinn verið greiddur. Aðrar færslur hafa ekki verið gerðar.

7. Önnur mál

Ákveðið að halda stefnumótunarfund stjórnar og snæða kvöldverð í kjölfarið. Dagsetning ákveðin fljótlega.

Næsti fundurFormaður sendir út tillögur að tíma fyrir næsta fund.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.